

Aðgerðir á ytri kynfærum

Útskriftarfræðsla

Verkir og verkjalyf:

Eðlilegt er að finna fyrir verkjum í allt að tvær vikur eftir aðgerð. Mælt er með parasetamóli og íbúprófeni til verkjastillingar fyrir þá sem þola það. Hámarksksamntar af parasetamóli eru 1 g þrisvar til fjórum sinnum á sólarhring og íbúprófeni 400 mg fjórum sinnum á sólarhring.

Blæðingar:

Búast má við blæðingum frá aðgerðarsvæði fyrstu vikuna eftir aðgerð. Stundum er nær engin blæðing og það er einnig eðlilegt.

Almennar ráðleggingar:

Hafðu hægt um þig aðgerðardaginn og ekki aka bíl heim vegna áhrifa svæfingarlyfja. Flestar konur geta mætt í vinnu/skóla innan viku eftir aðgerð. Ráðlagt er að hafa aðstandenda hjá sér fyrst eftir aðgerð til öryggis. Ekki er þörf á endurkomu eftir aðgerð.

Ráðleggingar næstu fjórar vikur eftir aðgerð :

- Forðastu samfarir.
- Mælt er með sturtu en ekki baði/sundi/heitum pottum.
- Notaðu eingöngu bindi en ekki túrtappa/álfabikar.

Hafa skal samband við móttöku kvenlækningadeildar næstu tvær vikurnar ef eftirfarandi hættumerki koma fram:

- Það blæðir ríkulega svo að stórt bindi fyllist (næturbindi eða sambærileg) á innan við 30 mínútum í meira en tvær klukkustundir.
- Nýrra verkja verður vart á aðgerðarsvæði.
- Verkir svara ekki verkjalyfjum eða minnka ekki.
- Vessi, roði, bólga og hiti í skurðsári.
- Hiti er yfir 38°C.

Símanúmer

Móttaka kvenlækningadeildar 21A er opin virka daga frá kl. 8-16, sími 543-3224. Ef eitthvað kemur upp á sem ekki getur beðið til næsta dags má hafa samband við skiptiborð Landspítala í síma 543-1000 og biðja um samband við legudeild kvenlækningadeildar 21A. Hafa má samband við kvenlækningadeild næstu tvær vikur eftir aðgerð en eftir þann tíma er ráðlagt að hafa samband við heilsugæslu. Ef um brátt ástand er að ræða skal hafa samband við 112.

Starfsfólk kvenlækningadeildar

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem símum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis.

Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunið að verða vitni að eða heyrið um aðra sjúklinga.

Landspítali er kennsluspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.

ÚTGEFANDI:
LANDSPÍTALI
KVENLÆKNINGAÐEILD 21A
JÚNÍ 2019
LSH-1966

ÁBYRGÐARMENN:
YFIRLÆKNIR KVENLÆKNINGA,
DEILDARSTJÓRI 21A

HÖNNUN:
SAMSKIPTAÐEILD